Ákærðu J er gefin að sök hlutdeild í framangreindum verknadí með því að taka við úr hendi meðákærðu og framselja eða fá framsælda fyrir sig sjö af ofanneyndum tékkum, samtals að fjarhæð 67 000 kr., enda þótt ákærðu væri það fullkunnugt, að ekki var innstæða til fyrir þeim (leitnir. hof)

Einnig mætti hér nefna dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 (70/2010). Í málinu hafði ákærði misnotkað aðstöðu sina með því að selja N ehf. í heimildarleysi sumarhúsalóð í Grimsnesi í eigu A, en ákærði var skráður þinglýstur eigandi löðarinnaar við sölnuna. Í niðurstöðu Hæstaréttar var fjallað um beinan ásetning ákærða:

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að brotavili hans var einbeittur og leiddi til þess að fyrri eigandi löðarinnaar, A, varð fyrir tilfinnanlegu tjóni við missi eignarrettar síms yfir löðinni.

Likindaásetningur er tiltekið stig ásetnings sem lýsa má svo að ásetningstig geranda sé lægra en það aðbrigði beins ásetnings sem kemnt er við „óþjákvæmilegar afleiðingar verknadar“ en haerra en dolus eventualis. Þegar fjallað er um likindaásetning í dómum er það oft orðað með þeim hætti að „geranda hafi ekki getað dulist eða honum hafi hlotið að vera það ljóst, að langliklegasta væri, að afleiðing kæmi fram.“⁴⁴ Í dómum sakadóms Reykjavíkur 15.

febrívar 1966, sem síðar var staðfestur með dómum Hæstaréttar 1966, bls 772 var fjallað um ásetning S, sem sakfeldur var fyrir umboðssvik fyrir að hafa afgreitt ótollafrædda bila sem starfsmáður skipafélags. Í niðurstöðu sakardóms var ásetningi geranda lýst á svofelldan hátt:

Ákærði S gerði hins vegar ákærða Ó mögulegt að framkvæma verknad þennan með því að afhenda honum bifreiðarnar, og hlaut hinum fyrmeindna að vera ljós þau réttarspjóll eða hjártjón, sem verknadurinn gat haft í för með sér fyrir skipafélagið.

Sameiginlegt einkenni á ásetningstigum dolus eventualis, óháð einstökum afbrigðum þess, felst í raunverulegri vitund geranda, um að refsinaem afleiðing kunni að koma fram. Dolus eventualis tekur við þar sem likindaásetningi sleppir. Samkvæmt því gæti likindastig fyrir dolus nálgast 60-65% líkur.⁴⁵ Í niðurstöðu herð. Norðeyst. 20. desember 2007 (S-306/2007) þar sem ákærði var sakaður um að hafa misnotkað aðgang sinn að gjaldeyrisviðskiptakerfi í netbanka Glitnis banka hf. með því að hafa nyttr sér villu í kerfinu fjallaði heraðsdómurinn um ásetningsstig geranda sem flokkast myndi sem „dolus eventualis“.

Þó að ákærði hafi ef til vill ekki gert sér grein fyrir að hattsemi hans varðaði refsingu verður að telja, við heildstætt mat á framangreindu, að það hafi ekki getað dulist honum að ágodi hans væri til kominn vegna mistaka bankans. Samkvæmt framsögðum telur dómurinn sannað að ákærði hafi haft ásetning til að nýta sér mistök bankans í hagnaðarskyni.

Hér ber þó að taka fram að niðurstöðu heraðsdóms var síðar hafnað í Hæstarétti á þeim grundvelli að ekki væri hægt að heimfæra hattseminu undir umboðssvik þar sem ekki væri um einhliða misnotku að ræða.

Um nokkrar tegundir auðgunarbrota, þar á meðal umboðssvik, gildir að slakað er á fullum ásetningskröfum að því er varðar hlutraena efnispætti auðgunar skv. 243. gr. hgl.⁴⁶ Felst þessi tilslökun í því að ekki er gerð skilyrðislaus krafa um að fjarþjón hafi orðið heldur nægir stundum að sýna fram á að geranda hafi verið ljost að hattsemi hafi valdið verulegri fjarþjónsáhættu.⁴⁷ Með því er vikið frá hinum almenna tjónsmælkvarða. Almennt má miða við að brot sé fullframioð þegar suð athöfn hefur átt sér stað sem veldur þeiri fjarþjónsáhættu sem um ræðir, t.d. undirritun skuldbindingar.⁴⁸ Ef að fjarþkuldbindingin mistekst eða af einhverjum ástæðum hefur ekki þau áhrif sem að henni var ætlað að hafa má litu á slika athöfn sem refsiverða tiltraun til umboðssvika.⁴⁹ Sem dæmi um dóum þar sem nægilegt var talið að fjarþjónsáhættia hefði skapast er Hrd. 1978, bls. 1055 þar sem seljandi ibúða hafði í

⁴⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afhrot og refsíðabyrgð 2*, bls. 78.

⁴⁶ Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásetningur“, bls. 347.

⁴⁷ Stephan Hunwitz: *Den danske kriminalret: Special del*, bls. 367.

⁴⁸ Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásetningur“, bls. 346.

⁴⁹ Jónatan Þórmundsson: „Umboðssvik“, <http://www.lmfi.is>.

⁴⁰ Andrés Þorleifsson: „Skilyrði umboðssvika“, bls. 397.

⁴¹ Jónatan Þórmundsson: „Umboðssvik“, <http://www.lmfi.is>.

⁴² Alþ. 1939, A deild, bls. 394.

⁴³ Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásetningur“, bls. 344.

⁴⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afhrot og refsíðabyrgð 2*, bls. 76.

heimildarleysi veðsett íbúðinmar eftir sólu þeirra. Prátt fyrir að seljandinn hafi síðar leyst veðböndin af íbúðinni var han engu að síður sakfeldur fyrir fullframið umboðssvikabrot. Hér til enn frekari stuðnings má að auki vísa til tveggja dóma. Í domi *Hæstaréttar 1960, bls. 1* var skólastjóri gagnfræðiskóla sakfeldur fyrir umboðssvik fyrir að hafa í heimildarleysi veitt óðrum kennara lán af fē gagnfræðiskólans. Engu var talið breyta að hafa í kennarinn greiddi fjárhæðina að fullu nokkru síðar og olli láneitingin því í raun engri efniſlegri skerðingu. Í *Hrd. 1999, bls. 2239 (22/1999)* hafði leigusalí selt banka tryggingavixil sem að leigjandi hafði fengið honum í hendur til tryggingar réttum efndum í bága við ákvæði húsaleigulaga um meðferð tryggingafjár frá leigendum. Í dómsnáðurstóðum Hæstaréttar var sérstaklega vísad til þeirrar fjártjónshættu sem skapaðist fyrir leigjandann og var leigusalinn sakfeldur fyrir umboðssvik prátt fyrir að hann sjálfur hefði borði endanlegan skaða af. Það er þó ekki nægilegt að sýna fram á að gerandinn hafi verið meðvitaður um hugsanlega hættu á tapi heldur þarf að sýna fram á að samþærilegar likur hafi verið á tapi vegna fjárhagsráðstöfunarinnar og á hagstæðum málalokum.⁵⁰ Í ritinu „Auðgunarbrot og nokkur skyld brot, fyrra hefii“ örðar Jónatan Þormundsson þetta með eftirfarandi hætti:

Það er einkum tvennt, sem til greina kemur sem viðmiðun: yfirgnaði likur eða veruleg hættu (væsentlig risiko) á, að tjón hljóst af.

Sem daemi um verulega fjártjónshættu að mati Hæstaréttar má vísa til *doms Hæstaréttar 1997, bls. 1765 (6/1997)*. Í dóminum taldi Hæstaréttur að sú hattsemi ákærða að lána fē lifeyrissjóðsins til írska flugfélagsins Emerald air án nokkurra trygginga eða ábyrgða teldist vitaverð en ákærði hafði vanrækt að leita sampykks stjórnar sjóðsins fyrir ráðstofunum sínum eins og honum var skilt. Dómurinn taldi samað að með hattsemi sinni hefði ákærði stefnt fjármunum sjóðsins í verulega hættu og farið verulega út fyrir þær heimildir sem hann hafði til láneitinga sem framkvæmdastjóri sjóðsins. Hattsemi framkvæmdarstjórans var því talin varða við 249. gr. hgl.

6 Umboðssvik í tengslum við ólögmætar láneitingar

Á hinum Norðurlöndum hefur aðallega reynt á umboðssvikaákvæði í málum sem varða afbrot framin í tengslum við starfsemi fjármálfyrirtækja. Í kjölfar bankahrunsins í Svíþjóð og

í Finnlandi á 10. áratug 20. aldar voru margir bankastjórnendur sakfeldir fyrir brot sem samsvara umboðssvikum, en þeir höfðu veitt há lán án fullnægjandi trygginga.⁵¹

Algengast er á Norðurlöndum að ákvæðinu sé beitt í tvennis konar tilvikum. Annars vegar er um að ræða tilvik þar sem starfsmenn fyrirtækja veita sér eða viðskiptavinum ávinning á kostnað fyrirtækisins og hins vegar er um að ræða ógætilegar láneitingar fjármálastofnanna.⁵² Í þessum kafla verður fjallað um síðara tilvikið, ógætilegar láneitingar fjármálastofnanna. Í grein Andrésar Þorleifssonar „um skilyrði umboðssvika“ sem gefin var út árið 2009 telur höfundur upp þau helstu álitamál sem komið gætu til skoðunar hjá íslenskum dómsstólum ef til kasta kæmi að skera úr um hvort að ógætilegar láneitingar bankastofnanna teldust umboðssvik. Þau álitamál sem að Andrés nefnir eru í fyrsta lagi hverjir eru í þeiri stöðu að geta gerst sekir um umboðssvik, í öðru lagi þarf að vera um misnotkun á þeiri aðstoðu að ræða, í þriðja lagi þarf að vera auðgunarásetningur fyrir hendi hjá hinum brotlega og í fjórða lagi orsakasamband á milli misnotkunarnar og auðgunar. Um öll þessi hlutlægu skilyrði sem Andrés nefnir hefur verið fjallað um fyrr í ritgerðinni og viðast til þeirrar umfjöllunar. Aftur á móti munu þessi skilyrði koma til nánari skoðunar að einhverju leiti í tengslum við umfjöllun um niðurstöður *héraðsdóms Rvk. 29 júní 2011 (S-476/2010)*.

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi árið 2008 komu umboðssvikamál í tengslum við fjármálastarfisemi í auknu mæli til skoðunar hérlands. Árið 2008 voru sett lög nr. 135/2008 og með þeim embætti sérstaks saksóknara sett á fót en hlutverk hans er að rannsaka refisiverða háttsemi í tengslum við starfsemi fjármálfyrirtækja. Þen sem komið er hefur þó einungis eitt mál sérstaks saksóknara varðandi umboðssvik komið til kasta dómssöla og er það mál *héraðsdóms Rvk. 29 júní 2011 (S-476/2010)*.

Í málinu sem í daglegri umraðu er kallað „Exeter málid“ voru tveir aðilar, sem gegndu stöðum stjórnarformanns og sparisjóðsþjóna Byrs sparisjóðs, ákærðir fyrir umboðssvik fyrir að hafa misnotuð aðstoðu sina hjá sparisjóðnum og stefnt fē hans í stórfellda hættu, með því að fara út fyrir heimildir til láneitinga. Sérstakur saksóknari byggði ákærðu sine á því að umraitt lán hefði verið veitt án fullnægjandi tryggingarhlutföll tryggingarandлага auk þess sem að ákærðu starfsreglur sparisjóðsins um veðsetningarhlutföll tryggingarandlagar. Einnig var byggt á því að ákærðu hefðu ekki metið greiðslugetu og eignastöðu lántakans. Áhugið var að ákærða láneitinguna þar sem lántakinn var meðal annars að kaupa bref í eigu ákærða A og bref í eigu einkahlutafélags er var að hluta í eigu ákærða B. Í domi héraðsdóms sátu þrír dómrar og skilaði eimn þeirra sératkvæði. Meirihlutinn sýknaði

⁵¹ Andrés Þorleifsson: „Skilyrði umboðssvika“, bls. 405.

⁵² Andrés Þorleifsson: „Skilyrði umboðssvika“, bls. 405.

ákærðu og verður hér farið í rökstuddninginn sem lá til grundvallar niðurstöðunni. Meirhlutinn taldi að lánið sem ákærðu veittu hefði verið innan þeirrar heimildar sem ákærðu höfðu til lánveitinga sem ganga máttu þvert gegn lánareglum. Meirhlutinn taldi einnig ósannad að stofnbrefin í bankanum, sem voru eina tryggingin fyrir lánuinu, teldust ófullnægjandi veð. Í starfsreglum um veðsetningaráhrlutföll tryggingarandlag fyrir sparisjóðinn voru mismunandi reglur eftir því hvort að um væri að ræða skráð eða óskráð hlutabréf. Um skráð hlutabréf gilti það að veðsetningaráhrlutfall attí að vera innan við 60% en um óskráð hlutabréf gilti það alment að ekki var tekið veð í þeim, en væri það gert aðtti sérstaklega að meta verðmæti þeirra og veðsetningaráhrlutfall mati ekki vera meira en 30% af malsverði. Hafnaði meirhluti heraðsdoms kröfum ákærvaldisins um að stofnbréfin sem ekki voru skráð á markaði yruðu metin sem óskráð bréf. Það niðurstöðu rökstuddi meirhlutinn í fyrsta lagi með því að staða sparisjóðins hafi verið sterkt á þeim tíma sem lánveitingin fór fram, í öðru lagi því að stofnbréfin gengju kaupum og sölum á markaði líkt og skráð bréf, í þriðja lagi með því að starfsmenn bankans hafi haft nægar upplýsingar um stöðu bankans til að meta sjálftætt hvert virði bréfanna var og að lokum vísadi meirhlutinn til þess að slíkar lánveitingar þar sem aðeins var tekið veð í stofnbárbreyfum bankans hefðu lengum tilkast í starfssemi bankans. Meirhlutinn taldi þar af leiðandi ósannad að stofnbárbreyfum hefðu verið ófullnægjandi veð fyrir lánuinu á þeim tíma sem það var veitt. Varðandi brot ákærðu á reglum um mat á greiðslugetu og eignastöðu lánatakana aust vanhæfni ákærðu til að koma að lántökunni taldi meirhlutinn ekki hægt að álykta út frá slikum brotum á verklagsreglum að ásetningur ákærðu hafi staðið til að stefna fē sparisjóðsins í hættu.

Minnihlutinn dóm eins komst aftur á móti að öndverðri niðurstöðu. Í sératkvæðinu voru ákærðu sakfelldir fyrir umboðssvik með þeim orðum að þeir hefðu með lánveitingunni misnotad aðstöðu sína í sparisjóðnum sjálfum sér og öðrum til ávinnings með þeim hættu að þeim hefði hlotið að vera ljóst að veruleg fjártjónshætta stafaði af fyrir sparisjóðinn. Varðandi heimild ákærða til að taka einn ákvörðun um lán að fjárhæð allt að 1,5 milljarð króna þvert gegn reglum bankans taldi minnihlutinn að líta þyfti til einfaldra þáttu. Í fyrsta lagi væri tilvist slikrar heimildar ákærða til lánaveitinga í andstöðu við framburð hans hjá sérstökum saksóknara þar sem ákærði kvaðst ekki hafa neinar slikar heimildir. Í öðru lagi kom fram í framburði innri endurskoðanda Byrs sparisjóðs á þessum tíma að su heimild sem um ræddi visaði einungis til innbyggðra lánareglina í tölvukerfi sparisjóðsins þar sem lánahheimildir eru skráðar. Í þriðja lagi vísadi minnihlutinn til þess að þratt fyrir að litlu yrdi svo á að ákærði hefði mátt ganga gegn lánareglum þá hefði hann brotið gegn starfsreglum bankans þar sem

krafist var þess að við lánastarfsemi væri gætt ýtrumstu varfarni á öllum svíðum og að gagnaðflun er tengdist ákvörðunartöku skyldi vandlega umnun en slíkt höfðu ákærðu ekki gert.

Minnihlutinn var einnig á öndverðu meiði hvað varðar mat á stofnfárbrefum sem tryggingarandlagi. Minnihlutinn vísadi til framburðar vitna en af þeim náttu ráða að mikil óvissa var um gengi stofnfárbrefa í Byr á þessum tíma og að ljóst var að um áhaukusama fjárfestingu var að ræða auk þess sem að annar ákærðu hefði sem sparisjóðssjöri tekio þátt í að meta tjón bankans í kjólfar bankahrun eins. Minnihlutinn taldi þannig að í ljósí hruns á fjármálamarkaði og viðætakra áhrifa þess á öll viðskipti með hlutabréf hafi ekki getað farið framhá stjórmendum bankans að fjarhagslegt tjón var mikið sem að hafði þein áhrif á verðmæti stofnfárbrefanna. Stofnfárbrefin hafi þannig ekki getað talist fullnægjandi tryggingarandlag fyrir lánuinu. Að lokum fyllaði minnihlutinn um að lánveitingin hafi ekki verið í samræmi við útlánareglur Byrs um mat á greiðslugetu og eignastöðu lánatakenda og taldi með hlíðsþjón af malsatvikum og því að að lánið var veitt til að fjármagna kaup á stofnfárbrefum sem meðal annars voru í eigu ákærðu þá væri það talið sannad að ákærðu hefðu með lánveitingunni misnotad aðstöðu sína sér og öðrum til ávinnings með þeim hættu að ákærðu hefði hlotið að vera ljóst að veruleg fjártjónshætta stafaði af fyrir sparisjóðinn.

Við komun á röksemum meirhlutans er margt sem gefur ástaðu til nánari skoðunar. Sérstaka umhugsun vekja þær mjög ströngu kröfur sem meinhlutinn gerir til sömnunar á ásetningi himna ákærðu auk þess sem að sí forsenda meirhlutans að sparisjóðurinn hafi verið fjárhagslega sterkt stofnum á þeim tíma sem um ræðir verður að teljast hæpin.

Fyrst verður her vikið að alitaefninu varðandi ásetning ákærðu. Í samræmi við almenna umfjöllun hér á undan um ásetningskröfur 249. gr. hgl. þarf við mat á ásetningi að skoða tvænn. Fyrst þarf að skoða hvort að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að misnota aðstöðu sína með því að skuldbinda bankann við tiltekinn fjármálagerning og skapa þannig fjártjónshætta fyrir bankann. Í öðru lagi þarf hér að skoða hvort að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að hagnast á þeirri ráðstöfun. Varðandi síðara ásetningsskilyrðið um auðgunarásetning er ljóst að það er uppfyllt. Í þessu máli var lánið veitt til kaupa á bréfum sem voru að hluta til í eigu ákærðu og þeir persónulega ábyrgir fyrir, en kröfuhafi sem hafði veitt ákærðu lán fyrir bréfunum var búinn að gjaldfella skuldina. Það er því ljóst að ásetningur ákærðu stóð til þess að losna undan persónulegum ábyrgðum vegna bréfanna en ekki til þess að standa vorð um hagsmuni bankans. Í athkvæði meirhlutans er talið ósannað að ásetningur ákærðu hafi staðið til að binda sparisjóðinn þannig að ham biði fjártjón af. Rökstýður meirhlutinn það með þeim hættu að ósannað væri að stofnfárbrefin sem ákærðu toku sem tryggingu fyrir lánuinu teldust ófullnægjandi veð og visar meinhlutinn þar fyrst og fremst til

stuðnings í sterka stöðu sparisjóðsins. Til að skoða frekar þjóðfélagsaðstæður á þeim tíma sem að umrætt lán var veitt má líta til þess að lánin var veitt í október 2008. Í sama mánuði hafði fjármálakerfið á Íslandi hrundi gersamlega en þann 6. október voru sett hin svokölluðu neyðarlög nr. 125/2008. Í 1 gr. þeirra laga segir meðal annars:

Við sérstakar og mjög óvennjulegar aðstæður á fjármálaráðherra fyrir hond ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafrírtæki eða yfiráka fjármálafrírtæki eða protabú pes í heild eða að hluta. Með sérstökum og nægilegum aðstæðum á fjármálamarkaði, sbr. 1. mgr., en átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstraeftoleika hjá fjármálafrírtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gangavart viðskiptavinum eða krófuhófum, forsendur afturköllunar starfsleyfis sér tillega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt krófur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaefrihritsins seu ekki likleg til þess að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði.

Eins og þegar hefur verið fjallað um er í samræmi við 18 gr. hgl. nauðsynlegt að ákærðu hafi haft ásetning til allra þáttu 249. gr. hgl. en jafnframt er slakað á ásetningsstigini með þeim hætti að einungis þarf að sanna að ákærðu hafi mátt vera það ljóst að þer væru að skapa fjártjónsáhættu fyrir bankann. Ekki er þó nægilegt að sýna fram á mögulega hættu á fjártjóni heldur er við það miðað að likur á fjártjóni þurfi að vera jafn miklar eða meiri en líkur á hagfelliðum niðurstöðum. Erfitt er að fallast á að stjórnendum bankans hafi við þessar aðstæður ekki verið auðvelt að ætla að stofnþárbreyf í bankanum sjálfum ættu eftir að falla í verði í kjölfar fjármálahrunssins og reynast ötryggt veð fyrir því háa láni sem að bankinn veitti. Hér til hliðsjónar varðandi fyrirsjáanlega hættu á fjártjóni má nefna nýlegan dóm *héraðsdóms Suðl. 20. október 2011 (S-215/2011)* sem staðfestur var í domi *Hæstaréttar 23. febríar 2012 (592/2011)* en þar var ákærði sakfeldur fyrir umboðssvik fyrir að hafa sem verslunarstjóri BYKO veitt fyrirtækini 5x ehf. vörur í reikningsviðskiptum þrátt fyrir að vera kunnugt um að forsvarsmenn BYKO væru því andvígir sökum ófyllnaðgjandi trygginga af hálfi 5x ehf. Í héraðsdómi er fjallað um hvernig ákærða hafi mátt vera ljóst að vorulánin fengjust ekki endurgeidd:

Ákærða hlaut að vera ljóst að veruleg hættu væri á því að fyrirtækio 5x ehf. væri ekki í stakk biið til þess að greiða fyrir vörumarkaði sínar og hefur hann því með hattseini sinni misnotad aðstöðu sina sem verslunarstjóri hjá Byko með því að afhenda umræddu fyrirtækí vörur eins og nánar er trakið í ákærðu. Hefur ákærði því gerst sekur um brot gegn 249. gr. almennra hegningaráлага og hefur hann unnt sé til refsingar.

Velta má því upp hvort að enn strangari krófur til ásetnings verði að gera þegar um er að reða fjármálafrírtæki sem hafa atvinnu af lánveitingum. Þar sem dómafrankvæmd um slik tilfelli er umfangslitil hér á landi er erfitt draga viðtekkar ályktanir. Með nokkurri vissu má þó segja að hlutlægar viðmiðanir vegi þungt við mat á því hvort lánveitendum hafi verið heimilt

að standa að ákveðnum lánveitingum. Hér mætti nefna *Hrd. 1997, bls. 1765* þar sem að ákærði sem var framkvæmdastjóri lifeyrissjóðs var dæmdur sekur um umboðssvik, en hluti af eðilegri starfsssemi lifeyrissjóða er að ávaxta fē sjóðsfélaga og þá meðal annars með lánveitingum. Í niðurstöðum Hæstaréttar í málmu sagði:

það er mat dömsins, að sú hattseimi ákærða að lán fē lifeyrissjóðsins án nokkura trygginga eða abyrgða hafi verið mjög óvennjuleg, sérstaklega í ljossi þess, að um verulegar fjárhæðir var að ræða. Í áðurnefndri 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1984 er gert ráð fyrir trygglegrí ávoxtun fjármuna sjóðsins. Ákærða þar því, eins og mál þetta var vaxið, að leita samþykkið sjóðsins fyrir ráðstöfinum sínum. Þar sem ákærði lét þetta undir höfuði leggjast og stefndi því fjármunum sjóðsins í verulega hættu, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi farið verulega út fyrir þær heimildir, sem han hafði til lánveitingar sem frankvæmdastjóri sjóðsins. Vardar þessi hattsemi ákærða við 249. gr. almennra hegningarálagu.

Einnig er áhugavert að skoða hvernig meirihlutum og minnihlutum ljá brotum ákærðu á verklagsreglum bankans ólikt vægi en báðir voru sammála um að slíkar reglur hefðu verið brotnar hvað varðaði reglur bankans um könumun á greiðslu og eignastöðu auk síðareglina bankans um hæfi til að taka ákvörðun um lánveitingar vegna personulegra hagsmuna. Meirihlutum afgreiðir þetta á einfaldan hátt og segir að brot á slíkum verklagsreglum bendir ekki til þess að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að misnota aðstöðu sína. Minnihlutum á himi bögum telur þessi brot ákærðu á verklagsreglum styrkja þá niðurstöðu að ákærðu hafi með lánveitingumini misnotað aðstöðu sína í sparisjóðum sjálfum sér og öðrum til ávinnings með þeim hætti að veruleg fjártjónsáhættu stafaði af fyrir sparisjóðinn.

Eins og áður kemur fram í ritgerðinni þá taldi fræðimaðurinn Jónatan Þórmundsson það gjildandi viðhorf í umboðssvikamálum að því ríkari sem trúnaðarskyldan er, en aðhald og efirlit jafnframt minna, þeim mun meiri krófur séu gerðar til starfsmannsins um að virða allar reglur, fyrirmæli eða venjur og sýna ráðdeild við meðferð fjármuna.⁵³ Í samræmi við niðurstöðu minnihlutans má hér nefna *Hrd. 2005, bls. 893 (244/2004)* þar sem að brot á verklagsreglum voru talin benda til þess að ákærði hefði misnotað aðstöðu sína. Í málinu var framkvæmdastjóri lifeyrissjóðsins Framsýnar dæmdur sekur um umboðssvik meðal annars fyrir að taka veð í fasteign sem var í eigu sonar hans en samkvæmt lögum lifeyrissjóðsins var hann vanhæfur til að taka slíka ákvörðun. Í héraðsdómi sem að síðar var staðfestur með vísan til forsendna hans í Hæstarétti segir:

þó svo úr endanlegri krófu hafi enn ekki verið skorið, þykir nægjanlega fram komið, að skilyrðum um augunaratsetning skv. 243. gr. laga nr. 19/1940 sé fullnægt, enda ákvæðum um fjárfestingarstefnur lifeyrissjóða og ákvæðum um vanhæfi starfsmanna til meðferðar mála ætlað að girda fyrir, að til sjónarmiða um óréttmætan fjárvinning geti stofnast Samkvæmt hessu hefur

⁵³Jónatan Þórmundsson: *þettir um audgumarrbrot, Sérstakur hluti*, bls. 218.

HEIMILDASKRÁ

ákærið misnotað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins þannig að ákvæði 249. gr. laga nr. 19/1940 eigi við. Hefur hann jafnframt gerst brotlegur við 5. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 55. gr. laganna.

Með hliðsjan af fyrrí dómáframkvæmd mætti því telja það óvenjulegt hversu léttvæg meirihluti heraðsdóms metur brot ákærðu gegn verklags og hæfisreglum bankans.

7 Lokaorð

Í ritgerðinni hefur verið fjallað almennt um umboðssvakaákvæði í 249. gr. hgl. Umfjöllunin beindist einkum að einkennum ákvæðisins, hlutlægum og huglægum skilyrðum þess og að lokum notkun ákvæðisins í málum sem lúta að ólögmætum lánveitingum fjármálfyrirtækja. Í 6. kafla var sérstaklega fjallað um niðurstöður meirihluta og minnihluta heraðsdóms í málí *heraðsdóms Ryk. 29 júní 2011 (S-476/2010)*, ennig þekktu sem „Exeter malinu“. Í kjölfarið voru niðurstöður meirihlutans gagnrýndar og leitast var við að hrekja þá niðurstöðu meirihlutans að ákærðu hefðu ekki mátt vera ljost að tryggingardeið sem var að baki lánveitingunni myndi reynast ófullnægjandi og leiða til tjóns fyrir sparisjóðinn. Í kaflanum voru færð rök fyrir því að ákærðu uppfylltu ásetningskröfur 249. gr. með því að misnotu visvitandi stoðu sína aust þess að uppfylla kröfur um auðgunarásetning. Eimig var gagnýnt hversu litla áherslu meirihlutinn lagði á brot ákærðu á verklagsreglum sparisjóðsins en tekið undir röksemdir minnihlutans. Malinu hefur verið áfrýjað til Hæstaéttar og biður þess að vera tekið fyrir. Exeter málið var fyrsta mál sértaks saksoknara sem að tekið var fyrir hjá domsstólum en fleiri ákærur vegna umboðssvika hafa þegar verið gefnar út. Í ljósi þess að umboðssvikamál i tengslum við ólögmætar lánveitingar eiga liklega eftir að koma í auknum mæli til kasta dómssóla má fullyrða að niðurstæða Hæstaéttar í Exeter malinu á eftir að vera mikilvægur prófsteinn fyrir komandi mál, þrátt fyrir að hafa verið í huga að málin eru ólik innbyrðis.

Alþingistíðindi.

Andrés Þorleifsson: „Skilyrði umboðssvika“ *Útfljótur*, 4. tbl. 2009, bls. 365-419.

Árni Þór Snaðvarr: *Pættir úr refstreiti*. Reykjavík 1979.

Gizur Bergsteinsson; „Auðgunarbrotn“ *Útfljótur*, 2. tbl. 1995, bls. 3-16.

Jónatan Þórmundsson: *Pættir um auðgunarbrotn-sérstakar hluti*. Reykjavík 2009.

Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrotn og nokkur skýld brot, fyrra hefti*. Reykjavík 1975.

Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásetningur“ *Lindela. Sigurður Lindal sjötugur*. Ritstj.

Garðar Gislason. Reykjavík 2001, bls. 339-356.

Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsiábyrgð 1*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiábyrgð 2*. Reykjavík 2002.

Jónatan Þórmundsson. *Afbrot og refsiábyrgð 3*. Reykjavík 2004.

Jónatan Þórmundsson; „Umboðssvik“ <http://www.lmfi.is> (skoðað 20. mars 2012).

Páll Sigurðsson o.fl.: *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Stephan Hurwitz: *Kriminalret, special del*. Kaupmannahöfn 1970.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

- Hrd. 1960, bls. 1
Hrd. 1966 bls. 772.
Hrd. 1971, bls. 451
Hrd. 1978, bls 1055
Hrd. 1983, bls. 2088
Hrd. 1993 bls 2712
Hrd. 1995, bls. 2610
Hrd. 1996, bls. 1199
Hrd. 1997, bls 1765
Hrd. 1998, bls. 677
Hrd. 1999, bls. 2239 (22/1999)
Hrd. 2005, bls 893(244/2004)
Hrd. 5. júni, 2008 (47/2008)
Hrd. 2. apríl 2009 (654/2008)
Hrd. 7. október 2010 (70/2010)
Hrd. 23. febrúar, 2012 (592/2011)

Dómar héraðsðóms:

- Hérð. Norðeyst. 20. desember 2007 (S-306/2007)
Hérð. Vestl. 24. júni 2011 (S-143/2011)
Hérð. Ryk. 29. júni 2011 (S-476/2010).
Hérð. Suðl. 20. október 2011 (S-215/2011)